

Mál nr. 437/2020**M og
V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur bifreiða á Fjarðarhrauni í Hafnarfirði 21. desember 2020.****Gögn.**

Málskot mótttekið 23. desember 2020, ásamt fylgigögnum.

Bréf V1 til nefndarinnar, dags. 12. janúar 2021, ásamt frumskýrslu Aðstoðar&Öryggis ehf.

Bréf V2 til nefndarinnar, dags. 19. janúar 2021, ásamt frumskýrslu Aðstoðar&Öryggis ehf., athugasemdum ökumanns bifreiðar B og ljósmynd af vettvangi.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu kemur fram að ökumaður bifreiðar A segist hafa ekið á vinstri akrein Fjarðarhrauns í norður með fyrirhugaða akstursstefnu í hægri beygju að Hafnarfjarðarvegi í austur á næstu gatnamótum. Ökumaður bifreiðar B segist hafa ekið inn á hægri akrein Fjarðarhrauns í norður frá Hólshrauni með fyrirhugaðri akstur stefnu inn á tíða inn á vinstri akrein. Báðir ökumenn lýsa sjálfstætt atvikum í tjónstilkynningu þannig að hinn hafi skipt um akrein inn á sína akrein og þannig hafi orðið árekstur. Báðir ökumenn lýsa einnig fyrirhugaðri akstursstefnu sinni þannig að þeir hafi ætlað að skipta um akrein, en hvorugur viðurkennir að hafa verið farinn að gera það þegar árekstur varð. Ekki liggur fyrir í gögnum málsins að vitni hafi orðið að árekstrinum eða merki á akbrautinni sem sýna nákvæma staðsetningu hans. Ökumaður bifreiðar A telur að ökumaður bifreiðar B hafi ætlað að aka áfram án þess að stöðva vegna árekstursins en ökumaður bifreiðar B gefur þær skýringar að ekki hafi verið hægt að stöðva strax vegna annarrar umferðar.

M telur að alla sök eigi að leggja á ökumann bifreiðar B sem hafi skipt um akrein frá hægri akrein yfir á þá vinstri og vísar til mynda af bifreiðunum máli sínu til stuðnings sem og mynda af vettvangi árekstursins. Einnig bendir M á að ökumaður bifreiðar B hafi ekið áfram af vettvangi.

V1 tekur undir sjónarmið M og telur að ökumaður bifreiðar B eigi að bera alla sök þar sem þeirri bifreið hafi verið ekið í of víða hægri beygju á bifreið A.

V2 telur að ekkert í gögnum málsins styðji fullyrðingar annars ökumanns umfram hins um aksturslag og þannig sé ósannað um atvik í aðdraganda áreksturs og þannig eigi að skipta sök til helminga.

Álit

Í málinu liggur fyrir framburður beggja ökumanna af atvikum sem leiddu til áreksturs milli bifreiða A og B. Hvor ökumaður sakar hinn um að hafa farið yfir akreinalínu og þannig skipt um akrein og að það hafi leitt til árekstursins. Engin vitni eru að atburðinum og ekki liggur heldur fyrir í gögnum málsins hvar árekstur varð nákvæmlega á akbrautinni. Þegar þannig stendur á verður sök ekki lögð á annan ökumann umfram hinn og ekki verður byggt á því að viðbrögð ökumanns bifreiðar B hafi verið með þeim hætti það hafi áhrif á sönnunarstöðu. Sök skiptist því til helminga.

Niðurstaða.

Sök skiptist til helminga milli ökumanna bifreiðanna A og B.

Reykjavík, 9. febrúar 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.